

# Skýrsla stjórnar SKÍ fyrir 2017

## Aðalfundur Skurðlæknafélags Íslands

Hilton, 23. mars 2018

### 1. Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ var kosin á aðalfundi 2016. Stjórnina hafa skipað undirrituð, Sigurður Guðjónsson, varaformaður, Helgi Kjartan Sigurðsson gjaldkeri, Geir Tryggvason ritari og Hjörtur Friðrik Hjartarson meðstjórnandi. Stjórnin hefur nú starfað í tvö ár og er komið að stjórnarkjöri á þessum fundi. Félagsfundir hafa verið fáir og aðallega tengdir kjaraviðræðum. Hins vegar er velkomið að koma að máli við stjórnarmeðlimi og óska eftir fundum eða upplýsingum. Nokkur fréttabréf hafa verið skrifuð til upplýsinga. Eftirtaldir hafa boðið sig fram til embætta í stórn SKÍ; Geir Tryggvason til formanns, Aðalsteinn Arnarson til varaformanns, Sigurður Guðjónsson til gjaldkera, Hjörtur Friðrik Hjartarson til ritara og Kristín Huld Haraldsdóttir til meðstjórnanda. Aðalsteinn Arnarson kemur nýr inn í stjórn en Helgi Kjartan hverfur nú úr stjórn félagsins eftir 6 ár, 4 sem formaður og 2 sem gjaldkeri. Helga Kjartani þökkum við fyrir vel unnin störf í stjórn og sem fyrrum formanni samninganefndar.

### 2. Vísindaping 2017

Þingið var haldið í Hörpu sem hefur verið staðsetning þingsins frá 2012. Þingið var fjölmennt og haldið með SGFÍ, FÍFK og fagfélögum hjúkrunarfræðinga og fagráði hjúkrunarfræðinga á Skurðlækningasviði LSH. Sjö erlendir fyrirlesarar tóku þátt og alls voru 30 vísindaerindi kynnt og 8 veggspjöld. Þingið var veglegt, tókst vel og voru sýnendur mjög ánægðir með þingið. Upplýsingar um kostnað koma fram í reikningum gjaldkera.

### 3. Vísindaping 2018

Þingið í ár er 20. í röðinni. Undirbúningur er þyngri þar sem fleiri félög koma að þinginu og skipulagi. Það er mjög mikilvægt að fara yfir reikninga núverandi þings m.t.t. hvort sama fyrirkomulag eigi að halda áfram. Greiðsla fyrir þingið hefur verið þannig að læknafélögin þrjú greiða 80% af kostnaði en hjúkrunarfélögin 20%. Það þarf hins vegar að greiða fyrir fleiri fyrirlestrasali og aðgangseyrir er þannig að hver og einn gestur

stendur varla undir kostnaði fyrir sig þannig að ágóði af gestum þingsins er ekki mikill. Eftir umræður á síðasta aðalfundi var ákveðið á stjórnarfundum að læknanemum á 4. ári sem eru á skurðlæknaúrsum verði boðið á þingið. Um er að ræða 27 einstaklinga og kosnað upp á u.þ.b. 200þús. Þetta þarf að meta að nýju árlega. Þingið er nú haldið á Hilton í fyrsta skipti í nokkur ár þar sem þingið hefur verið 2012-2017 í Hörpu. Við eigum pantað í Hörpu 2019 (5-6/4) en meta þarf hvernig þingið kemur út hér og hvernig fyrirkomulagið verður árið 2019 m.t.t. aðkomu hjúkrunarfræðinga.

Erfitt hefur verið að fá skurðlækna til að skipuleggja sessionir og er mikilvægt að allir félagar viti að möguleiki er á stuðningi frá SKÍ til að bjóða heim erlendum fyrirlesara til að halda erindi sem hægt er að skipuleggja í kringum.

#### **4. Kjaramál**

Nýr kjarasamningur var undirritaður 30. ágúst 2017. Samningarnir hafa verið kynntir og mikill meirihluti samþykkti samninginn í kosningu. 57,3% félagsmanna kusu og samþykktu 90,2% félagsmanna en 5,88% vildu fella samninginn og 3,92% skiluðu auðu. Í samninganefndinni eiga sæti Eiríkur Orri Guðmundsson þvagnfæraskurðlæknir, sem er formaður, Aðalsteinn Arnarson kviðarholsskurðlæknir og stjórn SKÍ. Formann samninganefndar á að kjósa annað hvert ár og verður það gert á þessum aðalfundi. Eiríkur Orri býður sig fram að nýju.

#### **5. Norrænt samstarf (NKF Nordisk kirurgisk förening / SSS Scandinavian Surgical Society)**

Fundir voru haldnir í maí og nóvember en við náðum ekki að senda fulltrúa á nóvemberfund. Undirrituð hefur verið ritari í NKF sem er til tveggja ára og á Ísland að taka við formennsku 2018 (frá og með næsta fundi) til tveggja ára. Samstarf félaganna er gott og er þetta góður vettvangur til umræðu og eins sem leið inn að kjarna norrænu skurðlæknafélaganna. Unnið er að heimasíðugerð félagsins (<https://www.nordiskkirurgiskforening.org>) sem er komin upp en þarf viðbótarupplýsingar. Félagsmenn geta notað þetta samstarf til að auglýsa viðburði og er jafnvel hægt að auglýsa í tímaritum viðkomandi félaga án kostnaðar.

#### **6. Skipulagsbreytingar LÍ**

SKÍ var aðildarfélag að LÍ þar til á síðasta aðalfundi. Á aðalfundi LÍ 19. og 20.10 sl. voru breytingatillögurnar kynntar og samþykktar.

Aðildarfélögin eru nú: **félag stofulækna/Læknafélag reykjavíkur (LR), Félag sjúkrahússlækna, Félag almennra lækna, Félag heimilislækna.** Hægt er að vera með einstaklingsaðild en þá hefur maður ekki sömu réttindi og sem félagi í aðildarfélagi. Félag sjúkrahússlækna var svo stofnað á fundi í tengslum við Læknadaga í janúar 2018. Undirrituð var í nefnd LÍ til undirbúnings að stofnun félags sjúkrahússlækna þar sem undirbúin voru m.a. lög félagsins.

## 7. SKÍ afmælishátíð.

Afmælishátíð SKÍ var haldin 27. október 2017 í tilefni af 60 ára afmæli félagsins. Hátíðin tókst vel og var þar kynntur nýr heiðursfélagi Þórarinn Arnórsson. Kosnaður af hátíðinni verður kynntur með reikningum félagsins. Eftir afmælishátíðina hefur verið umræða um hvort ráðast eigi í skráningu á sögu SKÍ og fá til þess fagaðila. Engar ákvarðanir hafa verið teknar.

## 8. Menntamál

Skipuð hefur verið nefnd á vegum Velferðarráðuneytisins sem ber nafnið: Mats- og hæfisnefnd um starfsnám til að öðlast almennt lækningaleyfi og um sérnám í læknisfræði. Nefndina skipa Reynir Tómas Geirsson, sem er formaður nefndarinnar, Leifur Bárðarson og Elínborg Bárðardóttir.

Nefndin skal meta og staðfesta marklýsingar fyrir starfsnám til starfsleyfis skv. 4. gr. og samþykkja marklýsingu einstaka sérnámsbrauta fyrir formlegt sérnám skv. 7. og 8. gr., sbr. 10. gr. Þá skal nefndin jafnframt meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til lækningaleyfis skv. 4. gr. og til að annast sérnám skv. 7. og 8. gr.

Send hefur verið inn marklýsing til nefndarinnar um sérnám (grunnám), 2-3 ár sem nefndin mun fara yfir. Að öllum líkindum verður SKÍ beðið um að fara yfir og meta marklýsinguna sem umsagnaraðili. Undirrituð og Sigurður Guðjónsson eru bæði í kennsluráði LSH og því óhæf til að gefa umsögn og mikilvægt að aðalfundur SKÍ ákveði hvernig standa eigi að þessu fh. SKÍ.

## 9. Lög SKÍ-nefnd lagabreytingar

Núverandi lög SKÍ eru frá 2002 og óhætt að segja að margt sé þar að finna sem betur mætti fara. Á síðasta aðalfundi var stofnuð nefnd sem fór yfir lögin og kom með tillögum að lagabreytingum. Þessa nefnd skipuðu Páll Helgi Möller, kviðarholsskurðlæknir, Sigurður Guðjónsson og Eiríkur Orri Guðmundsson þvafæraskurðlæknar. Nefndin skilaði af sér og fór stjórn SKÍ yfir breytingatillögurnar og gerði lítilsháttar breytingar í samræmi við þá stjórnunarhætti sem unnið hefur verið eftir. Lögin og lagabreytingatillögur voru sendar út 4 vikum fyrir aðalfund og verður kosið um þær hér á eftir.

Virðingarfyllst

---

Kristín Huld Haraldsdóttir, formaður SKÍ

Reykjavík 23.mars 2018